



Garðabær
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 2. september 2019
Tilv.: ANR19090006/08.17

Efni: Upplýsingabeiðni vegna skýrslu um samkeppnisrekstur opinberra aðila

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinnur nú að gerð skýrslu um samkeppnisrekstur opinberra aðila, fyrirtækja og stofnana. Skýrslan er unnin samkvæmt beiðni Alþingis með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og verður lögð fyrir Alþingi af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Í skýrslubeiðninni er þess m.a. óskað að eftirfarandi komi fram:

1. á hvaða sviðum og mörkuðum fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum,
2. yfirlit yfir fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga sem eru í samkeppnisrekstri,
3. reglur og lög sem tryggja eiga fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrar og annarrar starfsemi fyrirtækja,
4. fjárhagslegt umfang samkeppnisrekstrar opinberra aðila, greint annars vegar eftir sviðum og mörkuðum og hins vegar eftir fyrirtækjum og stofnunum,
5. þróun samkeppnisrekstrar fyrirtækja og stofnana ríkis og sveitarfélaga eftir eðli og umfangi frá árinu 2008,
6. mat á áhrifum samkeppnisrekstrar opinberra aðila á virka samkeppni og heilbrigði atvinnulífsins.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinnur nú að upplýsingaöflun fyrir gerð skýrslunnar. Með bréfi þessu fylgir spurningalisti ásamt excel skjali til útfyllingar með svörum við spurningalistanum. Óskað er eftir þrjúþættum svörum við spurningalistanum þar sem svörin miðist við stöðuna 1. janúar 2008, 2015 og 2018. Bréf þetta og öll gögn verða einnig send með rafrænum hætti og óskað er vinsamlegast eftir því að upplýsingum verði skilað á rafrænu formi.

Skýringar á einstaka atriðum í spurningalistanum fara hér á eftir.

Einkaaðili: Aðili að fullu leyti í eigu annarra en opinberra aðila.

Opinber aðili: Aðili sem fer ríkis- eða sveitarstjórnarvald og þær stofnanir, sjóðir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Í þessari könnun er einnig óskað upplýsinga um aðila sem eru í minni hluta eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana.

Félagaform: Upplýsingar um mismunandi félagaform má finna á vefsíðu ANR.

Samkeppni: Fleiri en einn aðili er starfandi á sama markaði.

Óskað er m.a. eftir upplýsingum um tengsl viðkomandi ráðuneytis/sveitarfélags við viðkomandi aðila í atvinnurekstri í dalknum „Yfirráð/Eignarhald“. Þar er óskað skýringar á því hvort um eignarhald sé að ræða í formi hlutafjár og þá hversu miklum hluta, hvort viðkomandi aðili sé undirstofnun, sjálfstæð stofnun, sjálfseignarstofnun sett á fót með lögum, svið innan sveitarfélags, eða með hvaða

öðrum hætti þau tengsl kunna að vera.

Óskað er eftir Ísat2008 atvinnugreinaflokkun fyrir hvern aðila og að velta fyrir hvert atvinnugreinanúmer sé tilgreind sérstaklega. Þá er óskað eftir að þeir markaðir eða svið sem viðkomandi aðili starfar á og eru í samkeppni á séu tilgreind og tekið fram hvort viðkomandi aðili sé í samkeppni við einkaaðila eða opinbera aðila á hverju sviði og hver velta viðkomandi aðila á því sviði sé.

Þess er vinsamlegast óskað að svör við spurningalistanum verði send í hjálögðu excelskjali á netfangið postur@anr.is eigi síðar en 1. október nk. Frekari upplýsingar og svör við spurningum sem kunna að vakna veitir Heimir Skarphéðinsson (heimir.skarphedinsson@anr.is).

Fyrir hönd ferðamála-; iðnaðar- og nýsköpunarráðherra


Ingvi Már Pálsson


Heimir Skarphéðinsson